

Sjúkrasaga (Núverandi sjúkdómur)

--

Hvað er það í sjúkrasögu sem læknir telur að nú valdi óvinnufærni?

Hversu langt aftur í tímann má rekja sjúkdóma þá sem valda orkutapi?

Lyf sem umsækjandi notar

Nákvæm skoðun og niðurstöður rannsókna

--

Hvað kemur fram við skoðun læknis sem staðfestir óvinnufærni umsækjanda?

Leiðbeiningar

1. Örorkumatið skal fyrstu 4 árin eftir orkutapið aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt og aðild hans að sjóðnum er tengd.
2. Nauðsynlegt er að fram komi nákvæm dagsetning á því hvenær talið er að sjóðfélaginn hafi orðið fyrir umræddu orkutapi.
3. Að 3ja ára tímabili loknu skal skerðing starfsorku metin á ný með tilliti til vanhæfni sjóðfélagsins til almennra starfa, nýrra upplýsinga um heilsufar hans og störf og árangurs af endurhæfingu.
4. Við mat á úrskurði sjóðstjórnar um greiðslu örorkulífeyris er ekki tekið tillit til félagslegra aðstæðna sjóðfélagsins. Eingöngu skal miðað við hæfni sjóðfélagsins til að gegna því starfi, sem veitti honum aðild að sjóðnum.
5. Aðeins sjóðfélagar, sem orðið hafa fyrir 50% orkutapi eða meira geta átt rétt á örorkulífeyri úr sjóðnum, enda hafi þeir orðið fyrir tekjuskerðingu af völdum orkutapsins. Örorkulífeyri, er þannig ætlað að mæta tekjutapi vegna orkutaps, en er ekki bætur fyrir orkutapið í sjálfu sér.
6. Samkvæmt reglugerð lífeyrissjóðsins er þeim sjóðfélaga skylt, sem sækir um örorkulífeyri frá sjóðnum eða nýtur slíks lífeyris að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt og atvinnutekjur, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til lífeyris.
7. Ef rekja má orkutap til misnotkunar áfengis eða fíkniefna, eða líkindi eru til þess að svo sé, ber lækni að geta þess í læknisvottorði. Slíkar upplýsingar geta haft áhrif á rétt sjóðfélaga til framreiknings.
8. Sjóðfélagi þarf að sækja formlega um örorkulífeyri frá lífeyrissjóði og útfylla umsókn og eyðublað vegna starfsorkumats. Læknisvottorð frá lækni jafngildir ekki umsókn.
9. Starfsfólk lífeyrissjóðsins er bundið þagnarskyldu um þau atriði, sem það fær vitneskju um og leynt skulu fara, samkvæmt lögum, fyrirmælum eða eðli máls. Upplýsingar um læknisfræðileg efni, svo sem örorkumöt og læknisvottorð, ásamt upplýsingum um tekjur teljast algjört trúnaðarmál.
10. Senda skal læknisvottorðið hlutaðeigandi lífeyrissjóði.